



Ísafjarðarbær  
Hafnarstræti 1  
400 Ísafjörður

SAMGÖNGU- OG  
SVEITARSTJÓRNARRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgötu 7 101 Reykjavík  
sími: 545 8200 postur@srn.is srn.is

Reykjavík 4. nóvember 2020  
Tilv.: SRN20080030/4.13.2

Ráðuneytinu hefur borist hjálögð ábending Sigurðar Hreinssonar, bæjarfulltrúa Ísafjarðarbæjar vegna stjórnslu sveitarfélagsins í tengslum við útboð á snjómokstri á Ísafirði og Hnífsdal. Nánar tiltekið er óskað eftir álitum ráðuneytisins á meðferð málsins innan sveitarfélagsins, og telur ráðuneytið að það kunni að koma til skoðunar hvort að ákvarðanir sem teknar hafa verið í málinu hafi samræmst innkaupareglum sveitarfélagsins og ákvæðum sveitarstjórnarlaga um framsal valds til fullnaðarákvörðunartöku í málum, sbr. 42. gr. laganna.

Með vísan til 113. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 óskar ráðuneytið eftir umsögn sveitarfélagsins um efni kvörtunarinnar og afrit af gögnum málsins sem skipta máli, m.a. bókunum í nefndum sveitarfélagsins, afrit af samningum og auglýsingum sem tengjast málinu og upplýsingum um hvernig málið var kynnt íbúum þess. Skulu umbeðnar upplýsingar hafa borist ráðuneytinu eigi síðar en föstudaginn 27. nóvember nk. Að þeim fengnum mun ráðuneytið taka afstöðu til þess hvort málið gefi tilefni til frekari skoðunar af hálfu þess á grundvelli 109. gr. og 112. gr. sveitarstjórnarlaga.

Fyrir hönd ráðherra  
eftir umboði

Björn I. Óskarsson

Björn Ingi Óskarsson